



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 4/2011

varðandi endurákvörðun rekstrargjalds RÚV ohf.
vegna rekstraráranna 2008 og 2009

I.

Inngangur

Mál þetta varðar ágreining um það hvort rekstrartekjur Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) af aðstöðuleigu í tengslum við útvarpsdreifikerfi fyrirtækisins sem notað er til sjónvarps- og hljóðvarpsútsendinga dagskrár þess tilheyri fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins og hafi þar af leiðandi myndað stofn til rekstrargjalds í samræmi við ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

II.

Málavextir

2.1 Erindi Mílu til PFS, dags. 2. mars 2010

Í tölvupósti Mílu ehf. (Míla) til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 3. mars 2010, kom fram að RÚV hafi aðeins verið gert að greiða um [...] ¹ kr. í jöfnunarsjóðsgjald alþjónustu á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007. Miðað við að skatthlutfallið væri 0,12% mætti draga þá ályktun að RÚV hefði haft gjaldskyldar tekjur að fjárhæð tæpar [...]kr. á árinu 2007. Mílu væri hins vegar kunnugt um að tekjur RÚV af aðstöðuleigu næmu á bilinu [...] og [...] kr. á ári. Því væri spurning hvort tekjur af aðstöðuleigu væru ekki inni sem gjaldskyldar tekjur í jöfnunarsjóð.

¹ Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um aðra hornklofa hér síðar.

2.2 Bréf PFS til RÚV, dags. 18. mars 2010

Í bréfi PFS til RÚV, dags. 18. mars 2010, kom fram að RÚV ohf., og áður forveri þess, hefði verið skráð hjá PFS sem fjarskiptafyrirtæki frá árinu 1997. Fyrirtækið hefði gefið upp gjaldskylda veltu af fjarskiptastarfsemi árlega og greitt rekstrargjalds til PFS samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, og jöfnunarsjóðsgjald alþjónustu til skattyfirvalda, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Stofnuninni hefði borist erindi frá Mílu sem teldi álagt rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjald RÚV óeðlilega lágt og velti fyrir sér hvort tekjur af aðstöðuleigu væru ekki taldar fram.

Það væri rétt hjá Mílu að tekjur af aðstöðuleigu í tengslum við fjarskiptaþjónustu hefðu verið taldar falla undir gjaldstofn til rekstrargjalds og jöfnunarsjóðsgjalds alþjónustu sem liður í fjarskiptastarfsemi. Þetta ætti t.d. við um heimtaugaleigumarkaði, sbr. 34. gr. fjarskiptalaga, og leigulínnumarkaði, sbr. 33. gr. sömu laga. PFS hefði framkvæmt markaðsgreiningar á umræddum mörkuðum og komist að þeirri niðurstöðu að Míla hefði umtalsverðan markaðsstyrk á umræddum mörkuðum og lagt viðeigandi kvaðir á félagið. Ein kvaðanna fælist í aðgangi annarra fjarskiptafyrirtækja að aðstöðuleigu (hýsingu) hjá Mílu fyrir fjarskiptabúnað. Öllum fjarskiptafyrirtækjum, þ.m.t. RÚV, bæri að greiða rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjöld af veltu sinni af fjarskiptastarfsemi hvort sem fyrirtækin væru í markaðsráðandi stöðu eða ekki. Míla greiddi t.a.m. slík gjöld af tekjum af aðstöðuleigu sinni. Það bæri öðrum fjarskiptafyrirtækjum einnig að gera af sambærilegum tekjum.

Þegar framtalsskil RÚV fyrir rekstrarárið 2008, sem bárust PFS þann 14. apríl 2009, væru skoðuð kæmi í ljós að einu tekjurnar sem fyrirtækið hefði gefið upp tengdust rekstri fjarskiptastöðvar í samstarfi við EBU (e. European Broadcasting Union). Engar tekjur væru tilgreindar af aðstöðuleigu. PFS hefði lagt rekstrargjald á RÚV í samræmi við framtaldar tekjur þann 15. maí 2009. Skattyfirvöld hefðu byggt álagningu jöfnunarsjóðsgjalds í lok október 2009 á sama gjaldstofni og PFS. Samkvæmt 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 væri PFS heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju reyndist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar. Skattyfirvöld hefðu sömu heimildir samkvæmt tekjuskattslögum.

Að lokum kom fram að áður en lengra yrði haldið með málið óskaði PFS eftir upplýsingum frá RÚV um tekjur fyrirtækisins af aðstöðuleigu í tengslum við fjarskiptastarfsemi fyrir rekstrarárið 2008 og afstöðu RÚV til fyrirhugaðrar endurákvörðunar PFS á rekstrargjaldi.

2.3 Svarbréf RÚV til PFS, dags. 16. apríl 2010

Svar RÚV barst með bréfi, dags. 16. apríl 2010. Fram kom að fjarskiptaleyfi RÚV hefði á sínum tíma verið mjög takmarkað og varðaði enn afar þröngt afmarkaðan þátt í starfsemi fyrirtækisins. Umrædd aðstöðuleiga væri húsaleiga vegna aðstöðu sem RÚV hefði látið öðrum í té í húsnæði sem fyrirtækið ætti og væri hluti af almennu dreifikerfi þess á landsbyggðinni, en teldist ekki vera hluti af fjarskiptastarfsemi í þágu annarra. Ekkert

fengi réttlætt að slík aðstöðuleiga væri lögð að jöfnu við starfsemi á leigulínumarkaði eða heimtaugaleigumarkaði. Gjaldskyld aðstöðuleiga væri takmörkuð við sendipátt jarðstöðvarinnar við Efstaleiti.

2.4 Bréf Mílu til PFS, dags. 2. júlí 2010

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 2. júlí 2010, ítrekaði félagið erindi sitt frá 18. mars s.á. Bent var á að RÚV gæti hagað gjaldtöku sinni að vild án aðkomu stjórnvalda þó svo að fyrirtækið byggi víða yfir ómissandi aðstöðu. Það væri brot á jafnræðisreglu að gera einu fjarskiptafyrirtæki að greiða rekstrargjald vegna tekna af aðstöðuleigu ef öðrum fjarskiptafyrirtækjum væri ekki gert að greiða slíkt gjald af sambærilegri aðstöðuleigu.

2.5 Bréf PFS til Mílu, dags. 6. júlí 2010

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 6. júlí 2010, var félaginu gefinn kostur á að tjá sig um ofangreint svarbréf RÚV til PFS frá 16. apríl 2010 áður en lengra yrði haldið með málið.

2.6 Bréf Mílu til PFS, dags. 2. september 2010

Athugasemdir Mílu bárust með bréfi, dags. 2. september 2010. Fram kom að RÚV hefði umtalsverðar tekjur af hýsingarþjónustu sem að mati Mílu væri algjörlega sambærileg hýsingarþjónustu Mílu til aðila á fjarskiptamarkaði. Þessar tekjur hefði Míla ætíð verið gert að telja fram til stofns rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjalds. RÚV hefði haft fjarskipaleyfi frá 1997 og samkvæmt fjarskiptalögum bæri PFS að hafa eftirlit með félaginu og leggja á það rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjöld. Af bréfi RÚV mætti sjá að fyrirtækið hefði ekki látið PFS í té umbeðnar upplýsingar um veltu af umræddri hýsingarþjónustu. Því bæri PFS að áætla veltu RÚV af umræddri þjónustu. RÚV virtist hafa vantalið veltu af fjarskiptastarfsemi sinni allt frá því það fékk fjarskiptaleyfi.

RÚV teldi í athugasemdum sínum að fyrirtækið starfaði einungis á þröngt afmörkuðu sviði fjarskipta og teldist húsaleiga til aðila á fjarskiptamarkaði ekki til gjaldskyldrar veltu af þeirri fjarskiptastarfsemi. Þessi rök dygðu ekki að mati Mílu til að firra RÚV skyldu til að greiða lögbundna skatta á sama hátt og öðrum fjarskiptafyrirtækjum bæri að gera. Rétt væri að halda því til haga að aðstöðuleiga til aðila í fjarskiptastarfsemi ætti ekki að heyra undir gjaldskylda veltu á fjarskiptamarkaði enda ekki um fjarskiptaþjónustu að ræða að mati Mílu. Benda mætti á að fjölbýlishús sem leigði aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað eins og mörg dæmi væru um væri þá strangt til tekið að veita fjarskiptaþjónustu. Um þetta yrði þó ekki fjallað nánar að sinni.

Sú þjónusta sem RÚV veitti væri að mati Mílu alveg sú sama og Míla veitti og til sömu aðila. Þessir aðilar væru fjarskiptafyrirtæki, svo sem Síminn, Vodafone, Tetra og Míla. Þjónustan væri í formi aðstöðuleigu í húsnæði og möstrum. Kæmist PFS að þeirri niðurstöðu að í tilviki RÚV væri ekki um að ræða fjarskiptaþjónustu væri vandséð hvaða málefnalegu rök stæðu til að slík þjónusta teldist fjarskiptaþjónusta ef hún væri veitt af Mílu. Þó svo að RÚV væri ekki með umtalsverðan markaðsstyrk á skilgreindum

mörkuðum þá byggi fyrirtækið yfir ómissandi aðstöðu víða um land sem byggð hefði verið upp í krafti einkaréttar á dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis. Samkvæmt jafnræðisreglu stjórnisýsluréttarins og stjórnarskrár skyldi stjórnvald gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti, og væri óheimilt að mismuna aðilum sem eins væri ástatt um við úrlausn mála. Míla krefðist þess að PFS lyki meðferð málsins með rökstuddri kæránlegri ákvörðun um hvort RÚV bæri skylda til að greiða rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjöld af hýsingarþjónustu sinni.

2.7 Bréf PFS til RÚV, dags. 11. október 2010

Með bréfi PFS til RÚV, dags. 11. október 2010, óskaði stofnunin eftir að fyrirtækið léti henni í té upplýsingar um rekstrartekjur félagsins á árinu 2008 vegna aðstöðuleigu. Sundurgreina skyldi tekjurnar eftir því hvort fjarskiptafyrirtæki væru greiðendur annars vegar og hins vegar aðrir aðilar en fjarskiptafyrirtæki. Þá skyldi sundurgreina tekjur vegna jarðstöðvarinnar að Efstaleiti annars vegar og annarra staða hins vegar. Meðfylgjandi ofangreindu bréfi voru bréf Mílu frá 2. júlí og 2. september 2010 og var RÚV veitt tækifæri til að tjá sig um efni þeirra. Að lokum var óskað eftir nánari skýringum og lýsingu á tilhögun umræddrar aðstöðuleigu RÚV.

2.8 Bréf Landslaga, f.h. RÚV til PFS, dags. 25. október 2010

Svar RÚV barst PFS með bréfi lögmannsstofunnar Landslaga, dags. 25. október 2010. Fram kom að þær tekjur sem RÚV hefði af aðstöðuleigu væri eðlilegast að telja húsaleigutekjur. Svo sem fram kæmi í bréfi félagsins frá 16. apríl s.l. stæðu rök ekki til þess að jafna þeim til tekna af starfsemi á leigulínu- eða heimtaugaleigumörkuðum. RÚV væri ekki fjarskiptaþjónustufyrirtæki í þeim skilningi sem eðlilegast væri að leggja í það hugtak, þ.e. RÚV seldi ekki öðrum fjarskiptaþjónustu heldur væri fjarskiptastarfsemi þess tengd eigin starfsemi þess og hún lyti að því að koma útsendum dagskrám til almennings. Að því leyti væri RÚV í sömu stöðu og hver annar almennur fasteignareigandi sem leigði öðrum aðilum eins og fjarskiptafyrirtækjum aðstöðu á eign sinni, eins og t.a.m. þeir sem leigðu símafyrirtæki aðstöðu í fjölbýlishúsum. Vart yrðu íbúðareigendur eða húsfélög talin stunda fjarskiptastarfsemi sem gerði þá að gjaldþolum til rekstrargjalds.

Frá ofangreindu væri ein undantekning hvað RÚV varðaði. Samband evrópska útvarpsstöðva (EBU) greiddi RÚV árlega fjárhæð sem væri ætlað að gera fyrirtækið skaðlaust af þeim kostnaði sem hlytist af þeim notum sem aðrar útvarpsstöðvar hefðu af jarðstöðinni við Efstaleiti. Hér væri því um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði að ræða, en sátt hefði verið um það undangengin ár að sú fjárhæð myndaði stofn til rekstrargjalds. Fjarskiptaleyfi RÚV hefði á sínum tíma verið takmarkað við rekstur umræddrar jarðstöðvar. Ekki hefði verið gert ráð fyrir víðtækara gildissviði í leyfisbréfinu. RÚV hefði aldrei haft fjarskiptaleyfi hvað dreifikerfið varðaði enda væri ekki stunduð fjarskiptaþjónusta með því í þeim skilningi sem leggja ætti í það hugtak.

Kjarni málsins væri sá að sú aðstaða sem aðrir fengju aðgengi að í dreifikerfi fyrirtækisins og greiddu fyrir væri ekki hluti af aðstöðu sem nýtt væri af RÚV til

fjarskiptaþjónustu í þágu annarra en þess sjálfs. Greiðslur vegna þessa hefðu numið kr. [...] á árinu 2008. Af fjárhæðinni hefðu önnur fyrirtæki en fjarskiptafyrirtæki greitt kr. [...]. EBU hefði greitt [...] CHF vegna jarðstöðvarinnar við Efstaleiti sem talið hefði verið fram til rekstrar- og jöfnunarsjóðsgjalds.

2.9 Boðunarbréf PFS, dags. 18. janúar 2011

Með bréfi PFS til RÚV, dags. 18. janúar 2011, boðaði PFS fyrirhugaða endurákvörðun sína á álagningu rekstrargjalds fyrirtækisins vegna aðstöðuleigu í dreifikerfi RÚV fyrir rekstrarárið 2008.

Fram kom að í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, væri að finna ákvæði um gjaldstofn til rekstrargjalds. Þar kæmi fram að fjarskiptafyrirtæki skyldu árlega greiða PFS rekstrargjald sem næmi 0,30% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu væri átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hefðu af *fjarskiptastarfsemi* sinni hér á landi. Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* væri ekki skilgreint í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Í 1. mgr. 1. gr. laganna segði að lögin giltu um *fjarskipti*, *fjarskiptaþjónustu* og *fjarskiptanet*. Samkvæmt þessu mætti gagnálykta á þá leið að lögin giltu ekki um virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækja né um starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem væri fjarskiptastarfsemi óviðkomandi. Í 3. gr. fjarskiptalaga væri að finna orðskýringar, sbr. neðangreint.

Fjarskipti er hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptafyrirtæki er sá aðili sem tilkynnt hefur PFS um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

Fjarskiptaþjónusta er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.

Fjarskiptanet er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínnum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

Aðgangur er að veita öðru fjarskiptafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, aðstöðu eða *fjarskiptaþjónustu* samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita *fjarskiptaþjónustu*.

PFS liti svo á að hugtakið *fjarskiptastarfsemi* tæki bæði til reksturs *fjarskiptaþjónustu* og *fjarskiptanets*. Fjarskiptastarfsemi væri því víðtækari en svo að einungis væri átt við rekstur fjarskiptaþjónustu. Þannig yrði að telja að undir fjarskiptastarfsemi félli einnig *rekstur fjarskiptaneta*. Undir þennan skilning PFS hefði úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála tekið í úrskurði nr. 3/2009 (*Snerpa ehf. Hringiðan ehf. og Tölvun ehf.*).

Fram hefði komið í bréfi RÚV til PFS, dags. 16. apríl s.l., að aðstöðuleiga sú sem um ræddi í málinu væri húsaleiga vegna aðstöðu sem RÚV léti öðrum aðilum í té í húsnæði sem fyrirtækið ætti og væri hluti af almennu dreifikerfi þess á landsbyggðinni. Það væri

Því viðurkennt af hálfu RÚV að umrædd aðstöðuleiga væri hluti af umræddu dreifikerfi fyrirtækisins. Hins vegar teldi fyrirtækið að dreifikerfið félli utan fjarskiptalaga. Eins og rökstutt yrði nánar væri það byggt á misskilningi þar sem dreifikerfi vegna sjónvarps- og hljóðvarps teldist til fjarskiptaneta, sbr. skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptanet* í 13. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Væri því engum vafa undirorpið að rekstur dreifinets vegna sjónvarps- og hljóðvarps teldist til fjarskiptastarfsemi.

Fjarskiptalög fjölluðu um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet. Þar væri m.a. kveðið á um aðgang að fjarskiptaþjónustu, fjarskiptanetum og tengdri aðstöðu, m.a. í 25. gr. laganna um samnýtingu og samhýsingu húsa, mastra og annarrar aðstöðu sem tengdist rekstri fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta. Útleiga slíkrar aðstöðu væri því hluti af rekstri fjarskiptaneta á sama hátt og aðkeypt leiga á aðstöðu. Fjarskiptafyrirtæki hefðu almenna heimild samkvæmt 69. gr. fjarskiptalaga til aðgangs að landi og fasteignum annarra til að grafa niður eða setja upp fjarskiptanet sín og fjarskiptavirki. Mikilvægt væri, m.a. vegna umhverfis- og hagkvæmnisjónarmiða, að fjarskiptafyrirtæki sameinuðust um nýtingu aðstöðu þar sem því yrði tæknilega við komið.

Að ofangreindu virtu væri það mat PFS að engum vafa væri undirorpið að aðstöðuleiga RÚV til fjarskiptafyrirtækja tilheyrði rekstri fjarskiptanets fyrirtækisins og teldist því fjarskiptastarfsemi í skilningi 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 og væri því rekstrargjaldsskyld. Þetta fengi einnig stoð í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 6/2010 (Fjarski ehf.) en þar segði m.a. að fjarskiptastarfsemi Fjarska fælist annars vegar í sölu á bandbreidd og hins vegar á fjarskiptaaðstöðu eða hýsingu.

Nú þegar að mati PFS lægi ljóst fyrir að sala á fjarskiptaaðstöðu til annarra fjarskiptafyrirtækja teldist hluti af fjarskiptastarfsemi fjarskiptafyrirtækja þyrfti að fjalla um þá málsástæðu RÚV að dreifikerfi félagsins teldust ekki til fjarskiptastarfsemi þess heldur aðeins fjarskiptaþjónusta sú sem fælist í móttöku og sendingu hljóðvarps- og sjónvarpsmerkja um jarðstöð og fasta gervitunglanet EBU og rekstrarleyfi fyrirtækisins frá 1997 og 2001 hefði náð yfir.

PFS hefði gefið út rekstrarleyfi til RÚV þann 29. júlí 1997 vegna ofangreindrar fjarskiptaþjónustu með stoð í fjarskiptalögum nr. 143/1996. Leyfið hefði verið endurútfengið þann 1. október 2001 með stoð í fjarskiptalögum nr. 107/1999. Leyfið skyldi gilda til 29. júlí 2007. Umrædd fjarskiptalög hefðu átt það sammerkt að hafa kveðið á um rekstrarleyfiskerfi vegna reksturs fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta og að sérstaklega hefði verið tekið fram að útvarpsdreifikerfi ættu ekki undir lögin. Með núgildandi fjarskiptalögum nr. 81/2003, sem gildi hefðu tekið þann 25. júlí 2003, hefði rekstrarleyfiskerfið verið afnumið og við tekið kerfi almennrar heimildar fjarskiptafyrirtækja til reksturs fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta. Með þeim lögum hefði ekki lengur verið gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu eftir því hvort um væri að ræða útvarpsþjónustu eða fjarskiptaþjónustu né útvarpsnet eða fjarskiptanet.

Ofangreint fjarskiptaleyfi RÚV hefði því orðið óþarft frá og með 25. júlí 2003, en samkvæmt efni sínu skyldi það renna út þann 29. júlí 2007. Frá og með 25. júlí 2003 skyldi útvarpsdreifikerfi RÚV ennfremur heyra undir fjarskiptalög með þeim réttindum og þeim skyldum sem því fylgdu. Hefði leyfiskerfið ennþá verið við lýði hefði PFS gefið út rekstrarleyfi til RÚV sem verið hefði mun umfangsmeira en fyrrgreint fjarskiptaleyfi. Meðal skyldna fjarskiptafyrirtækja samkvæmt fjarskiptalögum væri samtenging við net annarra fjarskiptafyrirtækja, samnýting á aðstöðu og greiðsla jöfnunarsjóðs- og rekstrargjalds af rekstrartekjum sem þeim hlotnaðist af fjarskiptastarfsemi sinni. Meðal réttinda væri síðan aðgangur að landi og fasteignum annarra manna, samtenging við net annarra fjarskiptafyrirtækja og réttur til samnýtingar aðstöðu með öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

RÚV hefði einnig haldið því fram að um væri að ræða húsaleigu vegna aðstöðu sem fyrirtækið hefði látið öðrum í té í húsnæði sem það ætti og væri hluti af almennu dreifikerfi þess á landsbyggðinni, en teldist ekki vera hluti af fjarskiptastarfsemi í þágu annarra. PFS hefði skilgreint fimm þjónustumarkaði fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpsþjónustu til notenda á heildsölustigi. Hefði það verið gert í samræmi við markað 18 í tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 2004 sem þá gildi. Í markaðsgreiningunni hefði m.a. komið fram að þrjú fyrirtæki væru stærst á umræddum mörkuðum, þ.e. Síminn, Vodafone og RÚV. Öll þessi fyrirtæki væru að einhverju leyti lóðrétt starfandi fyrirtæki, þ.e. rækju eigið net og væru einnig þjónustuveitendur á smásöllumarkaði. Fram hefði komið að notkun á útvarpsdreifikerfum þessara fyrirtækja félli jafnt undir viðkomandi markaði hvort sem um væri að ræða heildsölu til óskyldra aðila, sölu til tengdra fyrirtækja eða notkun sem væri alfarið innan viðkomandi fyrirtækis. Ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við ákvörðun PFS nr. 31/2008, hvorki að hálfu ESA né markaðsaðila hér á landi. Telja yrði því ótvírætt að ofangreind rök RÚV ættu ekki við hér, þar sem innri notkun fjarskiptanets eða fjarskiptaþjónustu væri nægjanleg til að um fjarskiptafyrirtæki væri að ræða. Auk þess yrði að telja að umrædd aðstöðuleiga tengdist fjarskiptastarfsemi í þágu annarra, þ.e. þeirra fjarskiptafyrirtækja sem leigðu aðstöðuna.

Þá hefði RÚV haldið því fram að fyrirtækið væri í sömu stöðu og hver annar almennur fasteignareigandi sem leigði öðrum aðilum eins og fjarskiptafyrirtækjum aðstöðu á eign sinni, eins og t.a.m. þeir sem leigðu fjarskiptafyrirtæki aðstöðu í fjölbýlishúsum. Að mati PFS væri þetta alls ekki raunin. RÚV væri fjarskiptafyrirtæki samkvæmt fjarskiptalögum og stundaði fjarskiptastarfsemi með rekstri fjarskiptaneta sinna. Aðilar sem ekki væru fjarskiptafyrirtæki, eins og almennir fasteignareigendur, bæru því ekki að standa skil á rekstrargjaldi.

Það hefði verið mat PFS að öllu ofangreindu virtu að rekstrartekjur RÚV af aðstöðuleigu í tengslum við útvarpsdreifikerfi félagsins til annarra fjarskiptafyrirtækja teldust tekjur af fjarskiptastarfsemi og því væru þær rekstrargjaldsskyldar samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003. Það hefði verið viðurkennt af hálfu RÚV að félagið hefði ekki talið fram til rekstrargjalds á árinu 2009 rekstrartekjur vegna ársins 2008 af ofangreindri aðstöðuleigu til fjarskiptafyrirtækja að fjárhæð kr. [...]. PFS hefði því í hyggju, með stoð í 10. mgr. 14.

gr. laga nr. 69/2003, að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir RÚV vegna rekstrarársins 2008 sem fram fór 15. maí 2009 og hefði numið kr. [...]. PFS hygðist því hækka álagningu rekstrargjalds á RÚV fyrir umrætt ár um kr. [...] eða í kr. [...].

2.10 Bréf RÚV til PFS, dags. 10. febrúar 2011

Í bréfi RÚV til PFS, dags. 10. febrúar s.l., kom fram að RÚV andmælti ekki hinni fyrirhugðu ákvörðun. RÚV gerði hins vegar smávægilegar breytingar á áður uppgefinni heildarfjárhæð tekna fyrirtækisins vegna umræddrar hýsingar á rekstrarárinu 2008, þar sem í hinum eldri tölum höfðu einnig slæðst tekjur af hýsingu til annarra aðila en fjarskiptafyrirtækja. Fjárhæðin lækkaði því úr kr. [...] í kr. [...] vegna rekstrarársins 2008. Ennfremur kom fram að tekjur RÚV af leigu aðstöðu í dreifikerfi fyrirtækisins á rekstrarárinu 2009 hefðu numið kr. [...].

III.

Staða RÚV og lagaumhverfi

3.1 Ríkisútvarpið ohf.

Ríkisútvarpið (RÚV) var stofnað árið 1939 og hóf hljóðvarpsútsendingar í lok þess árs. Á fyrstu áratugum útvarpsins var aðeins sent út á einni útvarpsrás. Árið 1966 hóf RÚV sjónvarpsútsendingar. Árið 1983 hóf RÚV rekstur á annarri hljóðvarpsdagskrá, Rás 2. RÚV hafði einkarétt á rekstri sjónvarps- og útvarpsþjónustu fram til ársins 1985. RÚV var rekið sem ríkisstofnun allt fram til 1. apríl 2007 þegar rekstrarforminu var breytt í opinbert hlutafélag sem er alfarið í eigu ríkisins.

RÚV rekur eigið dreifikerfi fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár sínar, en notar einnig dreifikerfi annarra fjarskiptafyrirtækja. Sjónvarpsdagskrár RÚV eru í boði á öllum dreifikerfum sem þjóna endanotendum hér á landi. Dreifikerfi Sjónvarpsins samanstendur af um 180 sjónvarpssendum um land allt, sem ná til um 99,9% landsmanna. Um er að ræða UHF og VHF senda sem senda út á hliðrænu formi. Örbylgjulinkar eru notaðir til að flytja merkið til aðalsenda. Endurvarpssendar taka við merki frá aðalsendi og senda það áfram yfir tilgreint notendasvæði. Einnig er ljósleiðari Mílu notaður til að flytja merkið til endurvarpssendanna á nokkrum stöðum á landinu. Rekstur dreifikerfisins hefur frá upphafi verið í samstarfi við Símann og nú Mílu.

Eins og að ofan greinir er dreifikerfi RÚV allt á hliðrænu formi. Þar af leiðandi hefur það aðeins getu til að flytja sínar eigin dagskrár. RÚV getur því ekki að óbreyttu veitt öðrum útvarpsstöðvum heildsöluaðgang að dreifikerfi sínu. RÚV fékk úthlutað heimild fyrir þremur UHF rásum fyrir stafrænar sjónvarpssendingar árið 2005. Ekki varð af uppbyggingu þess dreifikerfis innan tilskilinna tímafresta og afturkallaði PFS því umrætt tíðnileyfi með ákvörðun nr. 33/2008.

Í apríl 1996 fór RÚV þess á leit við samgönguráðuneytið að það veitti fyrirtækinu leyfi samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 til að starfrækja fjarskiptaþjónustu sem fælist í móttöku og sendingu hljóðvarps og sjónvarpsmerkis um jarðstöð og hið fasta gervitunglanet Sambands evrópskra útvarpsstöðva (EBU). Um væri að ræða leyfi til að flytja útvarpsefni um rásir í ofangreindu kerfi, sem háð væri útsendingarrétti á útvarpsefni sem RÚV ætti útsendingarrétt að, útvarpsefni sem aðrar aðildarstöðvar EBU ættu útsendingarrétt að og útvarpsefni sem stöðvar utan EBU ættu útsendingarrétt að í kjölfar samninga við EBU. Samgönguráðuneytið veitti RÚV umbeðið leyfi þann 20. september 1996. Jafnframt vakti ráðuneytið athygli á því að fram til 1. janúar 1997 hefði ríkið einkarétt á að reka og eiga almenn fjarskiptanet og við það væri miðað að fjarskipti samkvæmt leyfi þessu færu gegnum jarðstöð Póst- og símamálastofnunar.

Þann 29. júlí 1997 veitti PFS RÚV leyfi til 10 ára til að starfrækja fjarskiptaþjónustu sem fólst í flutningi hljóðvarps- og sjónvarpsefnis um jarðstöð og fastagervitunglanet EBU í samræmi við 5. gr. laga um fjarskipti nr. 143/1996. Fram til 1. janúar 1998 yrði þjónusta samkvæmt leyfisbréfinu að fara gegnum jarðstöð Pósts & síma, eða þar til einkaleyfi ríkisins til að eiga og reka almenn fjarskiptanet félli brott. Samkvæmt leyfisbréfinu skyldi umræddur þáttur í starfsemi RÚV vera bókhaldslega aðskilinn frá annarra starfsemi og bæri leyfishafa að greiða rekstrargjald af bókfærðri veltu af hinni leyfisbundnu starfsemi. Þann 1. október 2001 endurskoðaði PFS framangreint fjarskiptaleyfi RÚV í samræmi við ný fjarskiptalög nr. 107/1999 og gaf út nýtt leyfi. Leyfið var áfram takmarkað við framangreinda fjarskiptaþjónustu. Fjallað var um sameignleg afnot í 7. gr. leyfisbréfsins. Fram kom að í þeim tilfellum sem leyfishafi hefði rétt til að staðsetja fjarskiptavirki á afréttum, almenningi eða eignarlöndum eða gæti tekið eign eignarnámi gæti PFS ákveðið að hann skyldi veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að aðstöðu sinni á því svæði sem um ræddi ef það væri tæknilega mögulegt. Í 8. gr. var síðan fjallað um samtengisamninga. Í 12. gr. var síðan kveðið á um að um gjöld sem leyfishafa bæri að greiða til PFS færi samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, en þar var m.a. kveðið á um rekstrargjald. Leyfið skyldi gilda til 29. júlí 2007.

Sérstök ákvæði voru um RÚV í útvarpslögum þar til útvarpslög nr. 53/2000 voru sett. Árið 2000 voru sett sérstök lög um RÚV, þ.e. lög nr. 122/2000 um Ríkisútvarpið. Fram kom að RÚV væri sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og skyldi annast útvarp í samræmi við lögin og senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. RÚV skyldi eftir þörfum reisa sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild PFS fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir. RÚV skyldi hafa sama rétt og fjarskiptafyrirtæki varðandi nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt væri að leggja svo nýjar lagnir að þær trufluðu lagnir eða tæki RÚV. Reyndust raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja sem stofnsett væru í nágrenni útvarpsstöðva valda truflunum á starfsemi RÚV eða útvarpsstöðva sem leyfi hefðu til útvarpsendinga væri viðkomandi stöðvum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Starfsmönnum PFS væri heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnunum.

Núgildandi lög um Ríkisútvarpið ohf. eru nr. 6/2007. Fram kom í frumvarpsathugasemdom að lögum um RÚV og útvarpslögum nr. 53/2000 væri ætlað að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi. Helstu nýmæli hinna nýju laga um RÚV voru þau að stofnað var hlutafélag um reksturinn, afnotagjöld afnumin og nefskattur tekinn upp, útvarpsráð fellt niður og skýr greinarmunur skyldi gerður á útvarpsþjónustu í almannabágu og annarri starfsemi (þ.á.m. samkeppnisstarfsemi), auk þess sem viðhafa skyldi fjárhagslegan aðskilnað á milli þessara tveggja þátta. Í 3. gr. laganna er fjallað um hlutverk og skyldur RÚV en það er fyrst og fremst hvers konar útvarpsþjónusta í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Sjónvarpsþjónusta í almannþjónustu felur m.a. í sér að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring, að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps og að eiga (eða leigja) og reka hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.

3.2 Útvarpslög nr. 53/2000

Núgildandi útvarpslög eru númer 53/2000 og leystu útvarpslög nr. 68/1985 af hólmi. Útvarpslög mynda ásamt lögum um RÚV almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Ekki er lengur í útvarpslögum að finna sérákvæðum um RÚV heldur gilda lög nr. 6/2007 um það opinbera hlutafélag. Almenn ákvæði útvarpslaga gilda þó um RÚV nema annað sé sérstaklega ákveðið. Tilefni endurskoðunar útvarpslaga var setning nýrrar tilskipunar ESB 97/36/EB sem breytti sjónvarpstilskipun ESB 89/552/EBE. Tilgangur sjónvarpstilskipana ESB er m.a. að tryggja frelsi í sjónvarpssendingum milli aðildarríkja ESB og efla upplýsingasamfélagið.

Útvarpslög fjalla fyrst og fremst um skilyrði fyrir rekstri útvarpsstöðva og efni það sem þær senda frá sér. Auk þess getur þar að líta ákvæði sem varða fjarskiptanet. Samkvæmt 6. gr. útvarpslaga þarf leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps sem á uppruna sinn hér á landi, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Leyfi til útvarps háð tilteknum skilyrðum, m.a. úthlutar PFS senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Fram kom í frumvarpsathugasemdom að mikil og ör tækniþróun ætti sér stað um allan heim á sviði sjónvarps og öðrum sviðum sem flokkast undir svokallaða hljóð- og myndmiðlun og upplýsingatækni. Væri sama hver flutningsmiðillinn væri, almennt sjónvarp, netið með fjarskipta- og tölvutækni eða sérþjónusta ýmiss konar. Ein mesta byltingin í sjónvarpsmálum væri stafræn sending sjónvarpsefnis sem gerði það kleift að fjölga svo sjónvarpsrásum að ekki ætti að verða neinn skortur á sjónvarpsrásum þegar fullur skriður væri kominn á þessa tækni. Stafrænar sjónvarpssendingar væru þegar hafnar í Evrópu. Í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að hafinn yrði hér á landi undirbúningur að stafrænu útvarpi (sjónvarpi og hljóðvarpi), sbr. 34. gr. Með frumvarpinu væri þannig miðað við að íslensk útvarpslöggjöf yrði opin fyrir hvers konar

tækniþróun og í því væru sérstök ákvæði um tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga. Útvarpslög skyldu taka mið af fjarskiptalögum í tæknilegum eignum.

Í VII. kafla útvarpslaga, nánar tiltekið í 22. gr., er ákvæði sem tryggir útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum til útvarpsþendinga. Fram kemur að óski útvarpsstöð eftir aðgangi að almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpsþendinga skuli fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum eftir því sem við á. Eftirfarandi kemur fram í frumvarpsathugasemdum við 22. gr.:

„Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um atriði er varðar raunhæf tengsl milli útvarpslaga og fjarskiptalaga, aðgang útvarpsstöðva að almennum fjarskiptanetum fyrir starfsemi sína. Í núgildandi útvarpslögum er ekki að finna nein ákvæði um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum eða almennum fjarskiptanetum sem hagnýta má til útvarpsþendinga ...

Setning núgildandi fjarskiptalaga nr. 143/1996 markaði þáttaskil í fjarskiptamálum hér á landi. Var í lögnum m.a. ákveðið að frá og með 1. janúar 1998 félli niður að öllu leyti lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskipta og jafnframt gert ráð fyrir að þeir sem uppfylla skilyrði laganna geti fengið leyfi ríkisvaldsins til fjarskiptaþjónustu á öllum sviðum fjarskipta og til að eiga og reka grunnet. Í fjarskiptalögnum er að finna ítarlegar reglur um frelsi í fjarskiptum og samkeppni á þessu sviði. Þessi skipan fjarskiptamála er í samræmi við tilskipanir ESB um samkeppni á sviði fjarskipta og afnám einkaréttar einstakra aðila, ríkisins sjálfs eða tiltekinna fjarskiptaþyrirtækja, til þess að annast fjarskiptaþjónustu. ...

Þau grundvallarsjónarmið um frjálsan aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptakerfum, sem á er byggt í núgildandi fjarskiptalögum í samræmi við Evrópureglur á þessu sviði, verða að teljast eiga við með sömu rökum um útvarp, þ.e. sjónvarp og hljóðvarp, ekki síst í ljósi þess hversu nán tengsl eru orðin milli þessara tveggja sviða, fjarskipta og útvarps, og skilin milli þeirra verða sífellt óljósari. ...

Útvarpsrekstur um þráð og fjarskiptalög tengjast með vissum hætti í núgildandi fjarskiptalögum, nr. 143/1996. Í 2. gr. laganna er fjarskiptaþjónusta skilgreind svo að þar sé um að ræða þjónustu sem að nokkru eða öllu leyti felist í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaáðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi. ...

Sáralítið er um hefðbundin kapalkerfi hér á landi. ... Hins vegar þykir víst að dreifing útvarpsefnis um breiðband muni hafa mikla þýðingu hér á næstu árum. Er af þeim sökum nauðsynlegt að tekin séu upp í lög ákvæði er tryggja möguleika útvarpsstöðva til dreifingar á efni sínu um breiðbandið, enda er einn megintilgangurinn með rekstri þess dreifing útvarpsefnis í sjónvarpi og hljóðvarpi. Í stað þess að koma upp sérstöku kerfi samkvæmt útvarpslögum um aðgang að breiðbandinu þykir eðlilegast að um þetta efni gildi hið almenna fyrirkomulag skv. VII. kafla fjarskiptalaga um samtengingu neta ... ásamt öðrum ákvæðum laganna eftir því sem við á og ákvæðum laga nr. 147/1996, um PFS. Er því í frumvarpi þessu lögð til lögfesting þeirrar reglu að óski útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpsþendinga, þ.á.m. breiðbandi, skuli fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um PFS eftir því sem þau eiga hér við. Þykir eðlilegt að málsmeðferðarreglur um aðgang að fjarskiptanetum séu í þeim lögum eins og aðrar málsmeðferðarreglur varðandi fjarskiptamál.

Miklu varðar að reglur um málsmeðferð varðandi aðgang að almennum fjarskiptanetum tryggi vandada og greiða málsmeðferð. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þá sem óska slíks aðgangs, tíminn er dýrmætur og því meðal annars nauðsynlegt að hæfilegir tímafrestir séu settir til afgreiðslu mála. Engar reglur eru nú í lögum sem fjalla sérstaklega um meðferð mála út af aðgangi að almennum fjarskiptanetum. Hins vegar eru í VII. kafla fjarskiptalaga ítarlegar reglur um meðferð mála út af samtengingu neta. Er þar kveðið á um vandada og eftir atvikum greiða málsmeðferð. Þykir eðlilegast að beita svipuðum reglum, að því er málsmeðferð varðar, um mál varðandi aðgang að fjarskiptanetum. ...“

Útvarpslögin gera ekki lengur ráð fyrir að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það PFS sem úthlutar rásam fyrir endurvarp. Þá voru með útvarpslögunum frá 2000 felld brott úr útvarpslögum nokkur ákvæði er vörðuðu tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga, t.d. ákvæði um lagningu og not þráðar til útvarps, móttöku útvarpsdagskrár um gervitungl og heimild útvarpsstöðva til að reisa sendistöðvar o.fl. Með hliðsjón af fjarskiptalögum þóttu þessi ákvæði óþörf í útvarpslögum enda fjölluðu þau fyrst og fremst um málefni sem heyrðu undir fjarskiptayfirvöld.

3.3 Fjarskiptalög nr. 81/2003

Fjarskiptalög nr. 81/2003 gilda skv. 1. gr. þeirra um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet. Markið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í 4. mgr. 1. gr. segir að fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir fjarskiptalög. Síðastgreint ákvæði hefur verið óbreytt frá fjarskiptalögum nr. 143/1996 og tekur til svokallaðra innanhússkerfa. Þá eiga fjarskiptalög ekki við um efni sem sent er á fjarskiptanetum.

Í 3. gr. fjarskiptalaga er að finna hugtakaskilgreiningar. Í frumvarpsathugasemdom kom fram að brýnt væri að orðskýringar væru í samræmi við hina nýju fjarskiptalöggjöf ESB til að ná markmiðum EES-samningsins um einsleitni. Innihald hinna nýju tilskipana ESB gæfi tilefni til ýmissa breytinga og auk þess væri um að ræða nokkur ný hugtök. Sum þeirra tengdust útvarpsþjónustu, einkum stafrænu sjónvarpi, en ekki væri lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu eftir því hvort um væri að ræða útvarpsþjónustu (sjónvarp og hljóðvarp) eða aðra fjarskiptaþjónustu². Hér að neðan verða nokkrar skilgreiningar sem finna má í 3. gr. reifaðar:

Aðgangur. Að veita öðru fjarskiptafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, *aðstöðu* eða fjarskiptaþjónustu samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki. Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

Fjarskiptanet. Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínnum eða með öðrum rafsegulaðferðum, *þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp*.

Fjarskiptaþjónusta. Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, *þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur*.

² Í fjarskiptalögnum frá 1996 og 1999 var sérstaklega tekið fram að hugtakið „fjarskiptaþjónusta“ samanstæði af þjónustu sem að nokkru eða öllu leyti fælist í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, **öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi**.

Fjarskipti. Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Ný fjarskiptalög nr. 81/2003 tóku gildi 25. júlí 2003 og byggðust á fjarskiptatilskipunum ESB frá 2002. Markmið þeirra var að draga úr flóknu regluverki fjarskipta og færa það jafnframt í átt til samkeppnisréttar. Liður í því var að fella niður leyfisveitingarkerfi í fjarskiptum, sbr. heimildartilskipun 2002/20/EB. Fyrirtæki sem veittu fjarskiptaþjónustu og/eða starfræktu fjarskiptanet þurftu því ekki lengur sérstakt rekstrarleyfi. Heimildartilskipunin og hin nýju fjarskiptalög gilda einnig um útvarpsnet og úthlutun tíðna og rása fyrir útvarp eins og að framan greinir. Því var ekki lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu eftir því hvort um væri að ræða útvarpsþjónustu/útvarpsnet eða aðra fjarskiptaþjónustu/fjarskiptanet. Reglur sem giltu innan EES um heimildir fyrir hvers konar almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu voru samræmdar og skyldu almennar heimildir nægja óháð því um hvaða tegund neta eða þjónustu væri að ræða. Óheimilt yrði að gera kröfu um að fyrirtæki sækti um rekstrarleyfi.

Almennum heimildum fylgja ákveðin réttindi, sbr. 5. gr. fjarskiptalaga. Þar segir að fjarskiptafyrirtæki sem hafa almenna heimild eigi rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og að fá aðgang að landi eða fasteignum til þess að setja upp fjarskiptavirki sem nauðsynleg eru til þess að geta boðið fram net og þjónustu. Þá veitir almenn heimild fjarskiptafyrirtækjum sem bjóða almenna fjarskiptaþjónustu og/eða almenn fjarskiptanet rétt til að semja um samtengingu við og fá aðgang að fjarskipavirkjum annarra fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt 6. gr. fjarskiptalaga er PFS heimilt að setja reglur um almenna heimild sem kveða á um skilyrði fyrir slíkri heimild. PFS hefur sett slíkar reglur, sbr. reglur nr. 345/2005. Í 5. gr. reglnanna er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu skuli greiða gjald í jöfnunarsjóð alþjónustu og önnur gjöld í samræmi við 14. gr. laga nr. 69/2003, þ.á.m. rekstrargjald. Í 9. gr. er fjallað um samnýtingu fjarskiptavirkja. Þar kemur fram að í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á að staðsetja fjarskiptavirki á afréttum, almenningi eða eignarlöndum eða getur tekið eign eignarnámi geti PFS ákveðið að fjarskiptafyrirtækið skuli veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að aðstöðu sinni á því svæði sem um ræðir ef það er tæknilega mögulegt. PFS getur mælt fyrir um samnýtingu á aðstöðu í öðrum tilfellum vegna sérstakra landfræðilegra aðstæðna eða umhverfissjónarmiða. Þá er í umræddum reglum m.a. fjallað um skyldu til samtengingar, skyldu til dreifingar útvarpsdagskrár, fjarskipti og útvarpsendingar til almennings á hættutímum, truflanir og rafsegulgeislun, heildstæði og rekstraröryggi neta, leynd og vernd fjarskiptavirkja, notkun tíðna og tækniröfur.

Í IV. kafla fjarskiptalaga er fjallað um úthlutun tíðna. *Fjarskiptafyrirtæki* sem þurfa að nota tíðnir vegna starfsemi sinnar geta sótt um þær. PFS úthlutar slíkum réttindum til einstakra fjarskiptafyrirtækja, útvarpsstöðva eða aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota og setur skilyrði fyrir slíkri notkun. Í frumvarpsathugasemdum kemur fram að samkvæmt eldri fjarskiptalögum þurftu

fjarskiptafyrirtæki að sækja um rekstrarleyfi til þess að öðlast rétt til úthlutunar tíðna. Með frumvarpinu væri horfið frá útgáfu rekstrarleyfa en eftir sem áður væri nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtæki gæti fengið heimildir til þess að nota tíðnir eftir því sem þörf væri á vegna starfsemi þeirra. Tíðnir væru takmörkuð auðlind og þess vegna kynni að vera takmörkum háð hversu margir gætu boðið fram ákveðna þjónustu. Tíðnum væri einnig úthlutað fyrir hljóðvarps- og sjónvarpssendingar. Skilin á milli útvarps- og fjarskiptaþjónustu væru að verða óskýrari en verið hefði. *Sendikerfi fyrir útvarp væru í frumvarpinu talin til fjarskiptaneta* og fyrirsjáanlegt væri að hægt yrði að bjóða fjarskiptaþjónustu og útvarp á sama netinu. Ekki væri sjálfgefið að útvarpsstöð í skilningi útvarpslaga sæi sjálf um að senda út sína dagskrá. Allt eins gæti verið að tíðnum til útvarpsdreifingar yrði úthlutað til fjarskiptafyrirtækis sem eingöngu sæi um útsendingu. Þriðji hópurinn sem gæti þurft að tíðniúthlutun að halda væru einstaklingar eða lögaðilar sem starfræktu þráðlausan fjarskiptabúnað- eða net til eigin nota, t.d. fyrirtæki sem tengdu starfsstöðvar sínar saman með þráðlausum fastasamböndum og bifreiðastöðvar sem starfræktu eigin farstöðvanet.

Í V. kafla fjarskiptalaga er fjallað um markaðsgreiningar PFS. Í 16. gr. segir að PFS skuli skilgreina þjónustumarkaði fyrir fjarskiptaþjónustu í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Með greininni er stofnuninni falið að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir þjónustutegundum. Um er að ræða markaði þar sem réttlætanlegt getur talist að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki. Á árinu 2004 setti ESA tilmæli um viðkomandi fjarskiptamarkaði sem skilgreina bæri fyrirfram. Um var að ræða 18 markaði, þ.á.m. heildsölumarkað fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda. Í endurskoðuðum tilmælum ESA frá 2008 var fjarskiptamörkuðum sem skilgreina ber fyrirfram fækkað í 7 og hefur ofangreindur markaður verið felldur brott. Samkvæmt 17. gr. fjarskiptalaga skal PFS greina viðkomandi fjarskiptamarkaði og skal markaðsgreiningin vera grundvöllur ákvörðunar um hvort PFS skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.

Í 24. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um þá grundvallarreglu að fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skuli eiga rétt á og beri skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Í 25. gr. segir að PFS geti skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu, þ.m.t. í byggingum og möstrum. Ákvæði 24. og 25. gr. eiga við um öll fjarskiptafyrirtæki án tillits til þess hvort það hafi verið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum undirmarkaði fjarskipta eða ekki. Í 34. gr. fjarskiptalaga segir að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í almennum fjarskiptanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og *aðstöðu* er slíkum aðgangi tengist.

Í XI. kafla fjarskiptalaga er að finna ákvæði er varða stafrænt sjónvarp. Ákvæðin ná bæði til dreifingar á hljóðvarpi og sjónvarpi. Í fjarskiptalögum nr. 81/2003 er eins og áður segir ekki lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og þjónustu eftir því hvort um er að

ræða útvarpsþjónustu eða aðra fjarskiptaþjónustu. Í 55. gr. segir að leggja megi á aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, skyldur til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því. Um var að ræða nýmæli í fjarskiptalögum.

Í XI. kafla fjarskiptalaga er fjallað um fjarskiptabúnað. Ákvæði kaflans um tækjabúnað almennra fjarskiptaneta nær til fjarskiptabúnaðar í öllum netum, *p.m.t. útvarpsnetum*. Í 59. gr. segir að tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skuli að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á EES-svæðinu. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi PFS. PFS skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, *p.m.t. útvarpssenda*, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu. Í 64. gr. segir að PFS geti látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

Í XIV. kafla fjarskiptalaga er fjallað um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja. Í 69. gr. er kveðið á um aðgang fjarskiptafyrirtækja að landi. Þar kemur fram að eiganda fasteignar sé skylt að veita *fjarskiptafyrirtæki* aðgang að landi ef því er nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land hans eða fasteign. Í 70. gr. er *fjarskiptafyrirtækjum* veitt eignarnámsheimild. Í 71. gr. er fjallað um vernd fjarskiptavirkja.

Í XV. kafla er fjallað um fjarskipti á hættutímum. Í 72. gr. er kveðið á um að samgönguráðherra geti á ófriðartímum mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem geti talist hættuleg öryggi ríkisins. Í neyðartilvikum getur ráðherra mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti eða að tiltekin fjarskiptavirki séu notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki.

Í XVI. kafla fjarskiptalaga er fjallað um viðurlög o.fl. Í 73. gr. er kveðið á um heimild til rekstrarstöðvunar. Komist PFS að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki fari ekki að skilmálum almennra heimilda, skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum skal stofnunin tilkynna fjarskiptafyrirtækinu um þessa niðurstöðu og gefa því tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt. Láti fjarskiptafyrirtæki ekki að broti sínu innan settra tímamarka skal PFS grípa til viðeigandi ráðstafana. Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum þegar ráðstafanir til að tryggja að farið verði að lögum hafa mistekist getur PFS stöðvað netrekstur eða þjónustu fjarskiptafyrirtækis eða afturkallað tímabundið eða varanlega.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun hefur PFS umsjón með framkvæmd fjarskiptamála hér á landi. Samkvæmt 4. gr. laganna hefur PFS eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Í 5. gr. er fjallað um eftirlitsúrræði PFS og viðurlög. Í 8. mgr. þeirrar greinar

kemur fram að vanræki fjarskiptafyrirtæki skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem PFS gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin svipt viðkomandi réttindum til tíðna og númera eða tilkynnt fjarskiptafyrirtæki að hann njóti ekki lengur almennrar heimildar. Samkvæmt 9. mgr. skal PFS gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Samkvæmt 12. gr. laganna getur PFS lagt dagsektir á fjarskiptafyrirtæki sem ekki fer að lögum um PFS, fjarskiptalögum, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Í 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003 er fjallað um gjaldtöku. Kveðið er á um álagningu rekstrargjalds á fjarskiptafyrirtæki í 4. – 10. gr. 14. gr. laganna. Í 14. gr. a er síðan kveðið á um álagningu tíðnigjalds á þá sem fengið hafa heimild til að nota tíðnir til þráðlausra fjarskipta.

3.4 Markaður 18

Í ákvörðun PFS nr. 31/2008 greindi stofnunin heildsölumarkað fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpsþjónustu³ til notenda. Um var að ræða markað 18 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um fjarskiptamarkaði sem skilgreina ber fyrirfram (ex ante) frá 2004. Áður en ofangreind ákvörðun var tekin voru drög að henni send í innanlandssamráð og voru athugasemdir óverulegar sem ekki leiddu til efnislegra breytingar. Þá gerði ESA ekki athugasemdir við umrædd ákvarðanadrög. PFS skilgreindi 5 mismunandi þjónustumarkaði fyrir útsendingarþjónustu:

1. Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum.
2. Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum.
3. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum.
4. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum.
5. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött.

PFS taldi að síðastgreindur markaður um gervihnetti væri millilandamarkaður sem ekki væri á valdi stofnunarinnar að taka til greiningar. PFS tók hina fjóra þjónustumarkaðina til skoðunar með það fyrir augum að leiða í ljós hvort þeir uppfylltu skilyrði þess að til greina kæmi að leggja fyrirfram kvaðir á fyrirtæki á mörkuðunum (e. Three criteria test). Skilyrðin væru í fyrsta lagi að verulegar aðgangshindranir væru að mörkuðunum, í öðru lagi að markaðirnir hefðu ekki eiginleika til að þar væri virk samkeppni og að lokum að almennar samkeppnisreglur dygðu ekki til að afnema hindranir eða efla samkeppni.

Fyrsti markaðurinn hér að ofan, þ.e. útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum, var ekki talinn uppfylla fyrsta skilyrðið um verulegar

³ Skilgreiningu á hugtakinu „útvarp“ er að finna í útvarpslögum nr. 53/2000. Þar segir: „Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.“

aðgangshindranir. Hinir þrír markaðirnir sem voru greindir voru ekki taldir uppfylla síðasta skilyrðið þar sem talið var að almennar samkeppnisreglur væru fullnægjandi til að leysa vandamál sem upp kynnu að koma á viðkomandi mörkuðum. Þá var það talið hafa hverfandi þýðingu að hafa afskipti af markaði fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum þar sem þjónustan væri á útleið á næstu árum. Það var því niðurstaða PFS að umræddir markaðir uppfylltu ekki nauðsynleg skilyrði svo að til greina kæmi að leggja fyrirfram kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Þar af leiðandi útnefndi PFS ekkert fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum og engar kvaðir voru lagðar á þau.

Fram kom að þar sem um væri að ræða fjarskiptamarkað sem hér væri til umfjöllunar yrði að greina á milli annars vegar þjónustu sem fellst í að flytja útvarpsmerki sem er hin eiginlega fjarskiptajónusta og hins vegar þjónustu sem fellst í því að bjóða efni og stjórna aðgangi að því. Í samræmi við tilmælin og niðurstöður framkvæmdastjórnar ESB var það niðurstaða PFS að viðkomandi markaður væri heilðsölumarkaður. Þrjú fyrirtæki væru stærstu markaðsaðilar á þessum markaði, þ.e. Síminn, Vodafone og RÚV ohf. Öll þessi fyrirtæki væru að einhverju leyti lóðrétt starfandi fyrirtæki, þ.e. rækju eigið net og væru einnig þjónustuveitendur á smásölumarkaði. Notkun á útvarpsdreifikerfum þessara fyrirtækja félli jafnt undir viðkomandi markaði hvort sem um væri að ræða heilðsölu til óskyldra aðila, sölu til tengdra fyrirtækja eða *notkun sem væri alfarið innan viðkomandi fyrirtækis*.

Þá kom fram að út frá sjónarhorni notenda yrði að telja ólíklegt að staðgangi væri á milli stafrænna og hliðrænna sjónvarpsdreifikerfa þar sem eiginleikar þeirra væru í mörgum atriðum frábrugðnir hvor öðrum. Sjónvarpsstöðvar sem dreifa þyrftu einni dagskrá gætu gert það hvort sem væri á hliðrænu eða stafrænu dreifikerfi. Ef sjónvarpsstöð myndi óska eftir að nota hliðrænt dreifikerfi annarrar stöðvar væri það vart mögulegt þar sem slík kerfi bæru aðeins eina dagskrá í einu. Öll hliðræn kerfi í landinu væru ætluð fyrir ákveðna sjónvarpsdagskrá og því ekki svigrúm til þess að hleypa öðrum dagskrám að, ekki nema einhver tími sólarhringsins væri ónýttur til útsendinga. Það bæri einnig að hafa í huga að leyfi til útsendinga á rásum í hliðræna kerfinu væru gefin út fyrir ákveðna dagskrá. Mögulegt væri þó að veita aðgang að tengdri aðstöðu, t.d. húsum og möstrum. Út frá sjónarhorni rekstraraðila dreifikerfa þá væri ljóst að tæknilega væri mögulegt að breyta þeim úr hliðrænum kerfum í stafræn. Það hefði verið gert við MMDS kerfi Vodafone ásamt því sem það fyrirtæki hefði einnig byggt upp stafrænt kerfi á UHF tíðnisviði við hlið hliðræna kerfisins sem fyrir var. Þá hefði Síminn breytt sjónvarpi á Breiðbandinu úr hliðrænu í stafrænt. Það væri hins vegar kostnaðarsamt að gera slíkar breytingar og t.d. hefði RÚV ekki gert það ennþá. Í samræmi við ofangreint var það niðurstaða PFS að hliðrænar og stafrænar sjónvarpsútsendingar væru ekki á sama þjónustumarkaði.

Í nóvember 2008 setti ESA ný tilmæli um fjarskiptamarkaði sem skilgreina ber fyrirfram (ex ante). Tilmælin byggðust á tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um sama efni frá 2007. Framangreindur heilðsölumarkaður fyrir útsendingarþjónustu var felldur brott í

nýju tilmælunum. Rökin voru þau að leiðum til móttöku á sjónvarpi færi sífellt fjölgandi með tilkomu stafræna útsendinga og því stefndi í átt að virkri samkeppni. Einnig að ákvæði um flutningsskyldu (e. must carry) mætti nota til að tryggja aðgang notenda að sjónvarpsdagskrám þegar almannahagsmunir krefðust. Þá væru ákvæði í fjarskiptalöggjöfinni um samnýtingu aðstöðu óháð markaðsgreiningu. Að lokum hefðu samkeppnisyfirvöld getað tekist á við vandamál sem upp hefðu komið varðandi aðgang að útvarpsdreifikerfum.

IV.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu snýr ágreiningurinn um það hvort rekstrartekjur RÚV af aðstöðuleigu í tengslum við útvarpsdreifikerfi félagsins sem notað er til sjónvarps- og hljóðvarpsútsendinga dagskrár fyrirtækisins vítt og breitt um landið tilheyri *fjarskiptastarfsemi* þess og skuli þar af leiðandi mynda stofn til rekstrargjalds félagsins.

Í upphafi máls var RÚV á þeirri skoðun að svo væri ekki. Með boðunarbréfi sínu, dags. 18. janúar s.l., rökstuddi PFS ítarlega þá afstöðu sína að ofangreindar rekstrartekjur mynduðu stofn til rekstrargjalds hjá RÚV, sbr. kafli 2.9 hér að framan. Í bréfi RÚV til PFS, dags. 10. febrúar s.l., kom fram að fyrirtækið andmælti ekki hinni boðuðu ákvörðun stofnunarinnar. Þar af leiðandi fellst RÚV á það með PFS að umræddar tekjur myndi stofn til rekstrargjalds. Vísast því til framangreinds kafla 2.9 sem rökstuðnings fyrir þeirri niðurstöðu. Í umræddu bréfi RÚV gaf fyrirtækið enn fremur upp rekstrargjaldsskylda veltu af umræddum tekjum fyrir rekstrarárið 2009.

Að öllu ofangreindu virtu mun PFS ákvarða álagningu rekstrargjalds á RÚV fyrir rekstrarárin 2008 og 2009, sem fram fór annars vegar þann 15. maí 2009 og hins vegar þann 14. maí 2010, að nýju með stöð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Það er viðurkennt af hálfu RÚV að félagið hafi ekki talið fram til rekstrargjalds á árinu 2009 rekstrartekjur ársins 2008 af ofangreindri aðstöðuleigu til fjarskiptafyrirtækja að fjárhæð kr. [...]. Álagning rekstrargjalds á RÚV þann 15. maí 2009, vegna rekstrarársins 2008, nam kr. [...] sem þegar er greidd. PFS hyggst því hækka álagningu rekstrargjalds á RÚV fyrir umrætt ár um kr. [...] eða í kr. [...].

Það er enn fremur viðurkennt af hálfu RÚV að félagið hafi ekki talið fram til rekstrargjalds á árinu 2010 rekstrartekjur ársins 2009 af ofangreindri aðstöðuleigu til fjarskiptafyrirtækja að fjárhæð kr. [...]. Álagning rekstrargjalds á RÚV þann 14. maí 2010, vegna rekstrarársins 2009, nam kr. [...] sem þegar er greidd. PFS hyggst því hækka álagningu rekstrargjalds á RÚV fyrir umrætt ár um kr. [...] eða í kr. [...].

Að ofangreindu virtu ber RÚV að greiða PFS kr. [...] vegna vangreidds rekstrargjalds vegna rekstraráranna 2008 og 2009, sbr. meðfylgjandi reikning. Gjaldldagi reikningsins er í dag og eindagi að einum mánuði liðnum. Eftir það reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Ákvörðunarorð

PFS ákvarðar álagningu rekstrargjalds Ríkisútvarpsins ohf. að nýju með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun fyrir rekstrarárin 2008 og 2009. Álagning rekstrargjalds vegna rekstrarársins 2008 nemur kr. [...] og kr. [...] fyrir rekstrarárið 2009.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 18. febrúar 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson